Óháð fréttablað á Vestfjörðum

# BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

5 694110 023513

Fimmtudagur
13. júlí 2012
28. tbl. · 29. árg.

LEIGUFÉLAG VESTFJARÐA
Vantar þig íbúð til leigu?
Hafðu samband!
sími: 456 6600

Bátur mánaðarins aðeins 419 kr.

SUBWAY alltaf ferskt
Opið
virka daga: 10 til 22
helgar: 11 til 22

# Alltaf í minni-hluta

**„Ég er svona eins og Georg Bjarnfreðarson; í mínum eyrum hljómar sænskt samyrkjubú ekki eins og martraðarkenndur brandari heldur alveg ferlega fín hugmynd," segir Ylfa Mist Helgadóttir, bæjarfulltrúi, áhugaleikkona, söngkona og matselja með meiru. Hún segir frá öllum boltunum sem hún hefur í loftinu á miðopnu í dag.**

Þingeyri.

# Atvinnuöryggi fiskvinnslufólks skelfilegt

Starfsmenn fiskvinnslu Vísis á Þingeyri eru mjög uggandi yfir atvinnuástandi í þorpinu en þar stendur nú yfir langt vinnslustopp hjá fyrirtækinu. Finnbogi Sveinbjörnsson formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga segist taka heilshugar undir þær áhyggjur. „Atvinnuöryggi fiskvinnslufólks er orðið alveg skelfilegt. Á Þingeyri hefur þetta ástand verið viðvarandi frá árinu 2008 þar sem fiskvinnslan hefur stoppað í mislangan tíma yfir sumartímann. Nú er vinnslustopp allt sumarið auk þess sem nánast engin vinna var í maí.“

Vísir er stærsti atvinnurekandinn á Þingeyri og segir Finnbogi að ömurlegt sé til þess að hugsa sé að margir geti ekki treyst á örugga heilsársafkomu við fiskvinnslu þegar föst vinna er aðeins í boði 8-9 mánuði á ári. „Árið 2008 brugðum við á það ráð með Guðbjarti Hannessyni, þáverandi félagsmálaráðherra að þrátt fyrir að starfsfólki Vísis hefði í raun ekki verið sagt upp, heldur eingöngu tilkynnt langvarandi vinnslustopp samkvæmt ákvæðum kjarasamninga ætti það engu að síður rétt á atvinnuleysisbótum.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsfólki Vísis á Þingeyri þá hafa Vísismenn reynt að halda uppi einhverri tilraunavinnslu en það hefur verið afskaplega stopult. Þá hefur fyrirtækið ekki getað gert kröfu á viðveru starfsfólks þar sem fyrirtækið greiðir ekki kauptryggingu í vinnslustoppinu. Reglurnar eru þær að í raun og veru getur fyrirtækið ekki gert neina kröfu á að starfsfólkið verði til staðar eftir að fimm vikur eru liðnar af vinnslustoppi. En samkvæmt reglum Vinnumálastofnunar um atvinnuleysisbætur verður starfsfólkið að vera í virkri atvinnuleit og svara kalli stofnunarinnar ef því býðst önnur vinna á meðan vinnslustöðvunin varir til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.“ Þessu tengdu bendir Finnbogi á að Starfsgreinasamband Íslands hefur skipað sérstakan starfshóp til að vinna að málefnum fiskvinnslufólks. Þessi hópur hefur þegar óskað eftir því við atvinnuleysistryggingarsjóð að unnið verið á breytingum á lögum þannig að framfærsla fiskvinnslufólks væri betur tryggð í langvarandi vinnslustöðvunum.

Hann segir óöruggar atvinnuhorfur leggjast misþungt á heimili. „Sums staðar eru það báðar fyrirvinnur heimilisins sem missa vinnuna meðan á stoppinu stendur og er það því mikið högg á heimilishaldið. Ég tala nú ekki heimili sem eru með unglinga á framfæri sem fá ekki vinnu nema nokkrar vikur í Vinnuskólanum. Skólafólk á ekki rétt á bótum og engin úrræði eru til staðar fyrir ungt fólk sem vilja virkilega vinna.“ Hann segir þó að nú sé í vinnslu að útfæra samskonar námskeiðahald og Fræðslumiðstöð Vestfjarða hélt á Flateyri er fiskvinnslan lokaði þar yfir á aðra staði sem eiga í álíka vanda eins og t.d. hefur skapast á Þingeyri.

Finnbogi segir vandamálið ekki vera nýtt af nálinni og virðist sem atvinnuöryggi í fiskvinnslu sé víðar ótryggt en á Vestfjörðum. „Ég myndi síst vilja að fleiri atvinnugreinar byggju við sama óöryggi og fiskvinnslufólk býr við í dag. Ef byggja á upp atvinnugrein þarf að vera til staðar heilsársatvinnuöryggi. Hráefnisöflun skerðir þetta öryggi mjög víða þó svo að fyrirtækin hafi komist misvel frá því. Svo kemur á móti að sum staðar hafa fyrirtækin þurft að sníða stakk sinn eftir þjónustu sveitarfélaganna þar sem leikskólar eru lokaðir í mánuð. Í þeim tilfellum hafa einstaka atvinnurekendur brugðið á það ráð að stöðva vinnslu og loka húsunum á sama tíma. En aðalvandinn er að húsin hafa hreinlega ekki hráefni til að vinna úr yfir allt árið.“

Finnbogi segist vonast til að bjartari tímar séu framundan. „Vonandi verður sú aukning sem fyrirhuguð er í aflaheimildum í þorski á næsta fiskveiðiári til bóta í þessum málum þó svo að verið sé að skera niður aflaheimildum í ýsu og steinbít.“

*– thelma@bb.is*

Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar eru með aðstöðu við Ísafjarðarhöfn.

# Krefjast skýringa á farþegaskatti

Forsvarsmenn ferðaþjónustufyrirtækisins Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar á Ísafirði hafa farið fram á málefnalega skýringu frá bæjarráði Ísafjarðarbæjar á farþegaskatti sem fyrirtækinu er gert að greiða. Í bréfi frá fyrirtækisins til bæjarráðs er beðið um skrifleg svör við því hvort til sé lagaleg stoð fyrir framangreindum farþegaskatti, hvort um sé að ræða beinar skatttekjur eða þjónustugjald. Sé um þjónustugjald að ræða, óskar fyrirtækið eftir því að sjá sundurgreind útgjöld Ísafjarðarhafnar vegna þjónustu við fyrirtækið. Einnig vill fyrirtækið fá svör við því hvort sambærilegir þjónustuaðilar séu krafðir um sama gjald sem og einkaaðilar.

Í bréfi Sjóferða Hafsteins og Kiddýjar segir m.a. að á hverju ári séu settar nýjar álögur á rekstur farþegabáta, jafnt af opinberum aðilum sem einkaaðilum. Nú þegar greiðir fyrirtækið hafnargjöld upp á tæpa milljón.

Samkaup úrval góðir grannar

Helgartilboð **12. - 15. júlí** **samkaupurval.is**

**Pestó rautt/grænt 190g**
frá **Coop**

**Grill grísafilé**
frá **Kjötseli**

**Svínasnitsel í raspi**
úr kjötborði eða pakkað ferskt

**Grill lambalæri**
frá **Kjötseli**

**Ný bökuð vínarbrauð 95g**
frá **Myllunni**

frá **Ísfugli**

**GRÁR,** 400g

Þ & Ó Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Velheppnaðir markaðsdagar

„Markaðsdagarnir heppnuðust alveg glimrandi vel," segir Lísbet Harðardóttir skipuleggjandi bæjarhátíðarinnar sem fór fram í Bolungarvík um helgina. Fjölmenni sótti hátíðina sem hófst með skrúðgöngu og brekkusöng á föstudag. Daginn eftir var flutt vegleg skemmtidagskrá við félagsheimilið á meðan markaðsborðin svignuðu undan vöruúrvalinu. „Þetta gekk allt svo ótrúlega smurt og vel fyrir sig. Við fengum gott veður og öll skemmtiatriðin voru tíu sinni betri en alla minnntu að þau hefðu verið áður. Og það voru miklu fleiri að selja en nokkurn tímann áður," segir Lísbet.

Aðspurð hvað hafi staðið upp úr segir hún erfitt að velja eitthvað ákveðið. „Af skemmtiatriðunum má nefna að Einar einstaki, 16 ára gamall töframaður, kom og rúllaði þessu upp. Ég heyrði mest talað um hann meðal áhorfenda. Svo var líka mikil aðsókn í spákonu sem tók þátt í hátíðinni. Annars var þetta að mínu mati allt svo frábært að það er erfitt að segja."

Auk skemmtidagskráarinnar sem leikkonan góðkunna Edda Björgvinsdóttir hélt utan um var margt í boði á hátíðinni jafnt fyrir unga sem aldna. Þar var að sjá trúða og fjölmarga krakka að kútveltast um í hoppiköstulum. Bænum var skipt í tvo liti, rauðan og bláan, en það eru litir UMFB og tákna hafið og eldmóð bæjarbúa. Greinilegt var að bæjarbúar lögðu mikið í að skreyta og má segja að allur bærinn hafi verið klæddurí hátíðarbúning

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Mundu eftir Bónus !
# Sama vöruverð um land allt !




## AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS

Mánud-fimmtud: **11.00-18.30**
Föstud: **10.00-19.30**
Laugard: **10.00-18.00**
Sunnud: **12.00-18.00**

## Bónus verslanir staðsetningar

**Reykjavík**, **Kópavogur, Hafnarjörður**
- **Mosfellsbær** Þverholt 2
- **Garðabær** Kauptúni 3
- **Reykjanesbær** Fitjar
- **Hveragerði** Sunnumörk
- **Selfoss** Austurvegur
- **Egilsstaðir** Miðvangur
- **Akureyri** Langholt & Kjarnagata
- **Ísafjörður** Ljónið, Skeið
- **Stykkishólmur** Borgarbraut
- **Borgarnes** Digranesgata
- **Akranes** Smiðjuvellir

Bónus er í 1.sæti i mælingu á ánægju íslenskra viðskiptavina matvöruverslana.
**Íslenskir neytendur kjósa Bónus**

MATVÖRUVERSLANIR – ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN – BÓNUS 1. sæti – MÆLING Á ÁNÆGJU VIÐSKIPTAVINA

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**Saltfiskverkun hefur notið góðs af þurrknum í júní.**

# Þurrir Vestfirðir

Úrkoman í júní í Bolungarvík mældist aðeins 0,5 mm sem er minnsta mánaðarúrkoma sem vitað er um á staðnum frá árinu 1937 þegar úrkoman mældist 1,8 mm. Samfelldar veðurathuganir hafa verið í Bolungarvík frá árinu 1994 en áður stóðu athuganirnar yfir frá árinu 1934 til 1953. Á því tímabili mældist aldrei jafn lítil úrkoma og í síðasta mánuði.

Á Ísafirði mældist úrkoman 2,8 mm í júní en hún féll öll dagana 6. og 7. júní. Lægsta mæling sem mælst hefur á Ísafirði var árið 1987 þegar úrkoman mældist 0,4 mm.

Óvenju gott veður hefur verið á Vestfjörðum undanfarinn mánuð og mældist meðalhitinn 8,5 stig sem er einu og hálfu stigi yfir meðalhita júnímánaðar. Sem dæmi má nefna að meðalhitinn mældist aðeins 6,1 stig í fyrra. – *gunnar@bb.is*

## Spurningin

**Finnst þér Vestfirðingar ganga vel um umhverfi sitt?**

**Alls svöruðu 465**
**Já sögðu 168 eða 36%**
**Nei sögðu 297 eða 64%**

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

## Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum eða bjartviðri og áfram hlýtt í veðri.
**Horfur á laugardag:**
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum eða bjartviðri og áfram hlýtt í veðri.
**Horfur á sunnudag:**
Fremur hæg norðlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum eða bjartviðri og áfram hlýtt í veðri.

**Frystitogarinn Ísbjörn ÍS hefur verið að veiðum í tæpar þrjár vikur og er væntanlegur til hafnar á Ísafirði í vikunni.**

# Unnið á tvöföldum vöktum hjá rækjuverksmiðjunni Kampa

Unnið hefur verið á tvöföldum vöktum hjá rækjuverksmiðjunni Kampa á Ísafirði frá því í maí og hefur vinnslan verið í gangi 16 klukkutíma á dag alla virka daga. Á vef fyrirtækisins kemur fram að unnið verður á tvöföldum vöktum að minnsta kosti framí miðjan júlí. Engin sumarlokun verður í sumar frekar en undanfarin sumur. Aflabrögð þeirra skipa sem leggja ferskrækju upp hjá Kampa hafa verið ágætar að undanförnu. Í síðustu viku lönduðu Gunnbjörn ÍS og Valbjörn ÍS á Ísafirði, Gunnbjörn var með 33 tonn og Valbjörn með um 19 tonn og þá landaði Ísborg ÍS 22 tonnum í vikunni á Grundarfirði. Frystitogarinn Ísbjörn ÍS hefur verið að veiðum í tæpar þrjár vikur og er væntanlegur til hafnar á Ísafirði núna í vikunni.

Samkvæmt aflayfirliti Fiskistofu hafa íslensk skip veitt rúm 8 þúsund tonn af rækju á yfirstandandi kvótaári, en þess ber þó að geta að eitthvað af því er veitt utan íslenskrar landhelgi eins og til dæmis í tilviki Brimnes RE. Brimnes er aflahæsta rækjuskipið með 948 tonn en af þeim eru tæp 700 tonn veidd utan íslenskrar landhelgi. „Af þessum rúmu 8 þúsund tonnum hafa tæp 2 þúsund tonn, eða fjórðungur, verið unnin hjá Kampa. Af þeim afla hefur Gunnbjörn ÍS veitt 553 tonn en hann missti þó úr 3 vikur í veiði í maí og júní vegna slipptöku. Ísborg ÍS og Hera ÞH hafa bæði veitt rúm 260 tonn og Valbjörn ÍS um 250 tonn. Ísbjörn ÍS hefur veitt tæp 300 tonn en þar er bæði um að ræða iðnaðarrækju sem fer í vinnslu hjá Kampa og suðurækju sem seld er beint á erlenda markaði,“ segir á kampi.is.

Ritstjórnargrein

# Það fer mest suður

Rétt þykir að tjalda því sem tjalda átti. Í leiðara blaðsins 28. júní, „Draslið í landi“, tókst ekki betur til en svo að hluti síðustu málsgreinar féll niður. Í heild átti greinin að vera, sem hér segir: „Vera má að það sé einhver huggun í því að mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur komist að því að í fiskveiðisjórnunarkerfi Íslendinga felist ekki mannréttindabrot. Hvað sem því líður ættu augu manna, eftir yfir tveggja áratuga rifrildi um kerfi sem átti aldrei að verða *eins og það varð (og er) að fara að opnast fyrir því að „draslið í landi“ skiptir megin mál.*

Með orðum „eins og það varð“ er m.a. verið að vísa til eins af höfuðpáfum kerfisins, Halldórs Ásgrímssonar, fyrrum sjávarútvegsráðherra til margra ára, sem fyrir kosningar 2003 sagði að „framsalið hafi verið ágalli á kvótakerfinu alla tíð.“ Aldrei hafi verið ætlunin að menn gætu verslað með kvótann að eigin geðþótta. Í sjónvarpsviðtali í janúar 2007 sagði formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, að mannlegi þátturinn hefði gleymst, fortakslaust ætti að auka veiðiskylduna og að leigaframsal innan ársins væri undirrót flestra vandamála í greininni. Þessi upprifjun BB er því eina marki brennd, að af fyrri tíma mistökum megi draga lærdóm, sem leiði til sátta um fiskveiðistjórnunarkerfið.

Strandveiðar hófust að nýju 1. júlí. Fregnir herma að fyrsta veiðidaginn hafi öll fyrri aflamet fokið út í veður og vind. Ein og sér bera tíðindin það með sér að gnótt fiskjar sé á miðunum. Gott mál. Meðal frétta af mokfiskiríinu var viðtal við talsmann fiskmarkaðar Siglufjarðar. Inntur var eftir því hvernig unnið yrði úr þeim mikla afla, sem borist hafði að landi, var svarið stutt og laggott: Hann fer mest suður. Með öðrum orðum: Aflanum var haskað á land á Siglufirði til þess að koma honum í gáma til flutnings, suður!

Starfsmaður fiskmarkaðarins á Siglufirði var áreiðanlega ekki að ljóstra upp neinu leyndarmáli, sem hann fær skömm í hattinn fyrir. Einarðlegt svar hans við spurningunni fréttamannsins kallar hins vegar fram spurningar um hver sé tilgangurinn með hinu og þessu fyrirkomulagi fiskveiða, sem stjórnvöld hafa fundið upp: strandveiðum, byggðakvóta og alls konar „pottum“ svo dæmi séu tekin, ef aflinn er því sem næst allur sendur óunnin suður? Er með þessu verið að viðurkenna, að rekstur frystihúsa og fiskvinnslustöðva skipti engu máli? Hvað með fiskvinnslufólkið?

Liggur að ekki í augum uppi að hvaða breytingar sem kunna að verða gerðar á kvótakerfinu, þá verður að leggja megin áherslu á tengsl veiða og vinnslu afla. Veiðarnar einar og sér leysa ekki vandann. Eigi sjávarbyggðir að halda velli verða öflug fiskvinnslufyrirtæki að vera til staðar. Það er nóg annað, sem sent er suður. *s.h.*

**Útgefandi:** Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is.* **Blaðamenn:** Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is.* · Guðmundur Björn Þorbjörnsson, sími 692 8686, *gudmundur@bb.is* · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson. **Ljósmyndari**: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið m. vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. **ISSN 1670 - 021X**

Frá þorskseldiskví HG í Álftafirði.

# Eldiskvíar færðar í samráði við Hafró

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur bent á að staðsetningar fyrirhugaðra eldiskvía Hraðfrystihússins Gunnvarar í Hnífsdal séu að hluta til á veiðislóð fiskiskipa í Ísafjarðardjúpi. Þetta kemur fram í umsögn bæjarfélagsins á umsókn Hraðfrystihússins Gunnvarar um rekstrarleyfi til fiskeldis í Skötufirði, Mjóafirði, undan Bæjarhlíð og á tveimur öðrum staðsetningum í Ísafjarðardjúpi, á þorski þar sem leyfilegt framleiðslumagn er innan 200 tonna á ári á hverjum fyrrnefndra staða.

Fiskistofa hefur óskað eftir nýrri umsögn frá umsagnaraðilum eftir að Hafrannsóknastofnun gerði athugasemdir við fyrirhugaðar staðsetningar eldissvæðanna þar sem kvíarnar lágu ofan í eða í nágrenni við togslóðir og myndu leiða til þess að fastar togstöðvar í rækjukönnun yrðu óaðgengilegar til rannsókna. Því var óskað eftir samráði við HG við stofnunina til að lágmarka röskun á stöðluðum rækjutogum.

„Í ljósi nýrra staðsetninga fyrirhugaðra eldissvæða Hraðfrystihússins Gunnvarar hf., í Ísafjarðardjúpi sem og að þær í Skötufirði, Mjóafirði og undan Bæjarhlíð hafa verið færðar í samráði við Hafrannsóknastofnun óskar Fiskistofa á ný eftir umsögnum vegna málsins.

Fiskistofa hafði áður synjað málsmeðferð á fleiri en einni staðsetningu í Ísafjarðardjúpi sökum samanlags framleiðslumagns og vakti sérstaka athygli HG á því að eldi á fiski með fráveitu til sjávar, þar sem ársframleiðsla er 200 tonn eða meiri, er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Því bæri að sækja um starfsleyfi til stofnunarinnar. „Þessi skoðun hefur nú verið hrakin af Skipulagsstofnun og Umhverfisstofnun í öðrum málum og mun Fiskistofa því taka upp mál Hraðfrystihússins-Gunnvarar um þrjár umsóknir í Ísafjarðardjúpi, auk Skötufjarðar og Mjóafjarðar," segir í bréfi Fiskistofu til bæjaryfirvalda í Ísafjarðarbæ.

Mjólkurstöðin á Ísafirði.

# Ekki búið að funda með heimamönnum

„Það virðist ekki vera nokkur vilji til að ræða við bændur eða forsvarsmenn bæjarins um mögulegar lausnir," segir Eiríkur Finnur Greipsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, um málefni Mjólkursamsölunnar á Ísafirði. Eiríkur Finnur á sæti í óformlegum starfshópi sem landbúnaðarráðuneytið skipaði um framtíð mjólkurstöðvarinnar á Ísafirði en hópurinn hefur enn ekki komið saman til að funda. „Ég hef ítrekað óskað eftir því við ráðuneytið að fundur sem halda átti um miðjan desember, verði haldinn en ekkert gerist. Einnig hef ég haft samband við forsvarsmenn MS og fékk þau svör að haft yrði samband við mig fljótlega en þar hefur heldur ekkert gerst. Við erum eiginlega bara agndofa yfir þessari framgöngu."

Framtíð Mjólkursamsölunnar á Ísafirði er, eins og kunnugt er, í óvissu en Mjólkursamsalan hætti vinnslu og pökkun á mjólk í starfsstöð fyrirtækisins á Ísafirði í júní á síðasta ári. Heimamenn hafa þrýst á Mjólkursamsöluna um að halda starfsemi fyrirtækisins áfram á Ísafirði en einnig hefur verið rætt um að tekin verði upp önnur framleiðsla á svæðinu. „Ég hef heyrt það út undan mér að það séu í skoðun alls kyns hugmyndir um nýtingu húsnæðisins en það virðist ekki vera vilji til að virða okkur heimamenn viðlits hvað þetta varðar," segir Eiríkur Finnur.

Grjóti handraðað í síðustu grindina í snjóflóðavarnargörðunum í Traðarhyrnu.

# 5.530 grindur komnar upp

Merk tímamót urðu á laugardag hjá Ósafls mönnum við snjóflóðavarnargarðinn í Traðarhyrnu í Bolungarvík en þá var síðasta grindin sett upp og grjóti raðað í hana. Alls hafa því verið settar upp um 5.530 grindur eða 12.450 fermetrar, og hefur öllu verið handraðað. Búið er að setja upp girðingu á helming aðalgarðsins og er vinna við áframhaldandi uppsetningu girðingar á báðum görðunum í fullum gangi. Áætlað er að því ljúki fyrir verslunarmannahelgi.

Að sögn Leós Jónssonar verkefnastjóra hjá Ósafli er nokkur frágangsvinna eftir, m.a. hellulögn á áningarstað við austurgarðinn og á fleiri stöðum, hluti gangstíga ofl. Ósafl áætlar að ljúka öllum framkvæmdum um miðjan ágúst.

*– thelma@bb.is*

# Hugmyndaauðug en úthaldslítil

Ylfa Mist Helgadóttir er alla jafna með ansi mörg járn í eldinum. Hún er á kafi í bæjarpólitíkinni í Bolungarvík, er formaður nýendurvakins leikfélags í sama bæjarfélagi og að gefa út plötu, svo eitthvað sé nefnt. Í handraðanum á hún handrit að leikriti í fullri lengd, sem hún reiknar fastlega með að verði aldrei tilbúið, og þriggja blaðsíðna matreiðslubók. Ylfa sagði blaðamanni Bæjarins besta undan og ofan af fjölmörgum uppátækjum sínum, athyglisbresti og meðfylgjandi úthaldsskorti og þeim örlögum sínum að vera sífellt í minnihluta.

## Fann sig í Húsmæðraskólanum

Ylfa stendur úti á sólbökuðum tröppum þegar blaðamann ber að garði í Bræðraborg. Hún er auðþekkjanleg, þó blaðamaður hafi raunar ekki séð hana áður öðruvísi en í gervi gamallar konu í uppsetningu Leikfélags Bolungarvíkur á verkinu Að eilífu nú í vetur. Útgeislunin er hin sama, þó hárkollan og þykkt leikhússminkið sé víðs fjarri á þessum sumardegi. Og svo svipar henni líka töluvert til föðurfólksins síns – þess líffræðilega, það er að segja.

Oftar en ekki hefjast viðtöl sem þessi á því að viðmælandi leiðir fávísan blaðamann í allan sannleika um uppruna sinn og ættir, svo hann sé þar með vel staðsettur í vef vestfirsks mannlífs. Í tilfelli Ylfu taka slíkar útskýringar dálítið lengri tíma en venjulega.

„Já, þú biður ekki um lítið," segir hún og brosir. „Minn fjölskyldubakgrunnur er svolítið flókinn. Ég er fædd 1974 og er líffræðileg dóttir Rúnars Vilbergssonar og stúlku að sunnan. Þau hittust hér í skúrnum hjá ömmu og afa, Guðnýju og Villa Valla, og ég varð til. Ég var gefin til ættleiðingar og ólst upp á Dalvík hjá kjörforeldrum mínum," útskýrir Ylfa, sem eignaðist þar líka uppeldissysturina Yrsu. Kjörforeldrar hennar skildu þegar Ylfa var 12 ára gömul, mamma hennar flutti þá til Reykjavíkur en Helgi pabbi bjó áfram á Dalvík. „Þau giftust svo bæði tiltölulega fljótt aftur. Ég bjó hjá pabba mínum og stjúpu eftir skilnaðinn en fór reyndar frekar ung að heiman," segir hún frá.

Leið hennar lá þá í Húsmæðraskólann á Hallormsstað, þar sem hún fann sig yfir pottum og kirnum. „Ég fór í skólann með vinkonu minni og fann mig alveg í matreiðslunni. Handavinnan var ekki beint mín sterkasta hlið..." segir hún og grettir sig. „Ég er meira fyrir að byrja á námi en að ljúka því og Húsmæðraskólinn er eina námið sem ég hef lokið um ævina og ég er afskaplega ánægð með það. Það hefur gagnast mér mjög vel. Ég hef unnið í ýmsum vinnum tengdum matseld og finnst það alltaf gaman," bætir hún við.

## Eins og tveir púslubitar

Eftir húsmæðraskólagönguna og viðkomu fyrir sunnan hélt Ylfa til Ísafjarðar, átján-nítján ára gömul. „Ég kalla þann tíma sokkabandsárin mín," segir hún og brosir. „Þá kynntist ég ömmu og afa í fyrsta sinn. Það hafði verið eitthvað samband á milli okkar og þau vissu af mér alla tíð. Þau héldu sig hins vegar dálítið til baka. Þau vildu leyfa mér að taka stjórnina og stýra því hvenær og hvernig ég vildi hafa samband," útskýrir Ylfa.

Það er ekki ofsögum sagt að þau Villi Valli, Guðný og Ylfa hafi smollið saman. „Þetta var eins og þegar maður finnur loksins tvo hluta í púsluspili sem smella hvorn við annan. Þarna fékk ég allt í einu ýmislegt í mínu fari útskýrt, hluti sem ég hafði aldrei áttað mig á hvaðan ég hefði," segir Ylfa. „Snertiþörfin var til dæmis eitt. Ég hef alltaf verið með rosalega mikla snertiþörf. Þegar ég var lítil var ég þvílík kelirófa að mamma hafði áhyggjur af því. Hún og pabbi þekktu þetta hvorugt og voru ekki svona sjálf. Ég var svo kelin að ég skreið bara upp í fangið á ókunnum ístrubelgjum af sjálfsdáðum, til að fá klapp! Mamma hefur sagt mér seinna meir að henni stóð hreinlega ekki á sama, hún hafði áhyggjur af því til hvers þetta gæti leitt," segir Ylfa og brosir.

Þegar fundum Ylfu og ömmu hennar bar saman var gátan ráðin. „Amma er alveg nákvæmlega eins hvað þetta varðar. Ég veit ekki hvort maður á að segja þetta, en við eigum mjög líkamlegt samband," segir hún og skellir upp úr. „Þegar við erum saman erum við alltaf að snertast og kyssast," bætir hún við.

Tónlistargáfan var annar púslubiti sem þarna féll á réttan stað. Tónlistargáfa Villa Valla er vel þekkt og Ylfa er sömuleiðis afar músíkölsk. „Ég hef verið sísyngjandi alveg frá barnæsku. Ég söng í sturtu, söng á göngu og söng alltaf þegar ég þurfti að einbeita mér. Það var alltaf verið að sussa á mig í skólanum. Í hvert skipti sem við vorum í prófi eða áttum að skrifa stíl var ég farin að syngja – fólki til mismikillar ánægju. Og þarna fann ég samhljóm með afa," segir hún frá.

Frá því að fundum þeirra bar saman hefur samband Ylfu við ömmu sína og afa verið mjög gott og náið. „Amma kallar mig oft dóttur sína án þess að taka eftir því og afi mismælir sig líka, en hann hefur þó fyrir því að leiðrétta sig," segir hún og brosir.

## Með barnavagn á leikæfingar

Á sokkabandsárum, eins og Ylfa vill kalla þau, verður hitt kynið oftar en ekki fremur heillandi. Svo var einnig um Ylfu, sem kynntist einmitt strák á þeim tíma sem hún dvaldist á Ísafirði. „Og svo varð ég ólétt. Ég var ung og hann var enn yngri, ég tvítug og hann nítján ára þegar sonur okkar, Björgúlfur, fæddist. Við eignuðumst hann saman en vorum samt ekki saman," útskýrir hún. Ylfa fluttist aftur heim til Dalvíkur, ófrísk að Björgúlfi, og þar hreiðruðu þau mæðgin um sig.

Ekki leið á löngu þar til hún var komin á kaf í leiklist með Leikfélagi Dalvíkur, sem hún hafði starfað með frá unga aldri. „Ég var í leiklist alveg frá barnæsku og tók þátt í alls kyns uppsetningum með þeim. Leikfélag Dalvíkur var og er mjög öflugt leikfélag. Uppsetning þeirra á Mávinum eftir Anton Tjekhov er til dæmis ein allra flottasta uppsetning á því verki sem ég hef nokkurn tíma séð," segir Ylfa, sem lét skort á barnapössun ekki setja strik í reikninginn hjá sér við æfingarnar. „Ég trillaði Björgúlfi bara nokkurra mánaða gömlum með mér á æfingar, ef ég ekki fékk pössun. Ég man eftir því að hafa dröslað honum í burðarrúmi niður eftir, eða haft hann með mér í vagninum. Það var lítið mál," segir hún.

Eftir um þrjú ár á Dalvík fór Ylfu aftur að langa að breyta til og setti stefnuna í kjölfarið á Reykjavík. „Mig langaði í eitthvað stærra. Ég hafði verið aðeins fyrir sunnan áður en ég fór á Ísafjörð og langaði þangað aftur. Björgúlfur var líka orðinn stærri og ég var búin að fatta að ég væri alveg færanleg ennþá, þó ég ætti barn," segir hún og brosir. Leiðin lá því suður - og beint í faðm annars leikfélags.

## Ævilangur Hugleikari

Þeir eru eflaust óteljandi sem starfað hafa með leikfélaginu Hugleik á einn eða annan hátt frá því að það var stofnað árið 1984. Ylfa hellti sér í leiklistarstarf með hópnum á árum sínum í Reykjavík og er eins konar ævilangur Hugleikari.

„Ég held að ég sleppi hendinni aldrei alfarið af Hugleik, og þau ekki af mér heldur, þó ég hafi ekki leikið með þeim í mörg ár. Þetta er alveg sérstakur hópur og ég tók þátt í fjölda sýninga með þeim. Ég prófaði líka að skrifa handrit og skrifaði bæði styttri verk, sem ég hef sum verið svo heppin að fá að sjá á sviði í Borgarleikhúsinu, og lengri. Ég á eitt handrit að leikriti í fullri lengd í handtöskunni. Það er „í vinnslu", eins og maður segir, og verður það eflaust að eilífu! Ég hef allt of mikinn athyglisbrest til að geta klárað svona verkefni. En þetta er fínt, það mun eflaust geta af sér alls konar hliðarprójekt þó ég klári það aldrei," segir hún og brosir.

Tengslin við aðra Hugleikara ræktar hún líka á ári hverju, þegar þau hittast mörg í sumarskóla Bandalags íslenskra leikfélaga. Skólann hefur Ylfa sótt í mörg ár. „Þangað senda áhugaleikfélögin fólkið sitt. Þar eru alls kyns námskeið í boði; námskeið í raddbeitingu og handritsskrifum og leikstjórn og ég veit ekki hvað. Ég hef farið þangað nánast á hverju sumri og núna síðast kom Björgúlfur með mér. Hann er orðinn alveg heltekinn af leiklistarbakteríunni og formaður leikfélagsins í Menntaskólanum á Ísafirði," segir Ylfa.

„Fólk spyr mig núna hvort hann fari svo ekki bara í leiklistarskólann..." segir hún og fitjar upp á nefið. „Ég þyki kannski voðalega metnaðarlaus fyrir hans hönd, en ég vona nú eiginlega að hann verði frekar pípari eða bifvélavirki en helli sér svo af krafti út í áhugaleikhúsið. Í áhugaleikhúsinu starfar fólk af ástríðu, af því að það vill vera með og hefur gaman af því. Það sleppur við harkið og pressuna sem fylgir því að vera atvinnuleikari," segir Ylfa, sem sjálf gældi reyndar aðeins við þá hugmynd á yngri árum.

„Æ, ég fór einu sinni í inntökupróf í Leiklistarskólanum en datt út í einhverri síunni og fyrtist svo við að ég fór aldrei aftur!" segir hún og hlær. „Fólk fer oft í inntökupróf mörg ár í röð, en ég hætti bara við. Ég er ánægð með að vera áhugaleikari. Við þurfum aldrei að gera neitt sem við kannski viljum eða nennum ekki að gera; berjast við að koma okkur á framfæri, talsetja teiknimyndir eða lesa inn á auglýsingar. Svo eru heldur engar útlitskröfur í áhugaleikhúsinu. Þar er fólk bara af ástríðu," segir hún.

## Kolféllu fyrir Bolungarvík

Áður en talið berst að þriðja leikfélaginu í lífi Ylfu og því sem hún veitir nú forstöðu er kannski rétt að víkja að því hvernig og hvers vegna hún og fjölskylda hennar fluttist til Bolungarvíkur á sínum tíma.

„Það er einn af þessum hlutum sem gerðist bara einhvern veginn. Ég kynntist Halla, manninum mínum, fyrir sunnan. Hann var að vinna í Bolungarvík, við radarstöðina á Bolafjalli. Hann leigði hús sem stofnunin átti og var hér viku í senn en kom svo suður á milli. Við sáum að við gætum kannski sparað okkur einhverja aura með því að leigja íbúðina okkar í Reykjavík út og fara öll vestur. Við ákváðum að reyna að þrauka heilt ár. Eftir nokkrar vikur vorum við svo bara hætt við að fara aftur suður. Það er svo gott að vera hérna. Halli er frá Húsavík, svo við erum bæði alin upp á smærri stöðum. Okkur fannst yndislegt að fara út að ganga í kyrrðinni og heyra í

hrossagauk og jaðrakan og lækjarnið... Þetta var bara dásamlegt. Svo ég tali nú ekki um frelsið sem felst í því að búa hér ef maður á börn," segir Ylfa.

Hún og Halli eiga, auk Björgúlfs, drengina Birni og Baldur Hrafn, sem eru 8 og 11 ára gamlir. „Ég kann greinilega bara að búa til stráka. Blessunarlega, eiginlega, því ég kann ekkert á stelpur! Ég fer bara í kerfi ef ég er beðin um að flétta hár eða eitthvað slíkt," segir hún og hlær.

Ylfa og Halli eru heldur hvergi á förum þó hann hafi misst vinnuna þegar herinn fór af landi brott. Hann hefur síðan starfað í ýmsum verkefnum tengdum tækni og tölvum. „Ég er stundum spurð hvort það sé ekki erfitt að búa svona fjarri fjölskyldunni og vera með börn. Mér finnst það bara alls ekki, þó að foreldrar Halla séu á Akureyri og í Saudi Arabíu og mamma mín á Dalvík. Við eigum ömmu og afa að og eins föðurömmu og afa Björgúlfs sem búa á Ísafirði. Þau eru alveg frábær og hafa reynst okkur ofboðslega vel. Það er mikill samgangur á milli okkar og þau hafa tekið sonum okkar Halla eins og sínum eigin barnabörnum. Þar sem að flest börnin þeirra eru brottflutt erum við meira að segja svo heppin að fá að hafa þau hjá okkur á hátíðum og svona," segir Ylfa.

„Við eigum líka svo góða vini," bætir hún við. „Við höfum eiginlega komið okkur upp sjálfskapaðri fjölskyldu vina í Bolungarvík. Þegar Halli var að vinna á Bolafjalli í viku í senn lifði ég hálfgeru kommúnulífi með vinkonu minni í Bolungarvík. Maðurinn hennar var á sjó og við vorum til skiptis heima hjá hvor annarri," segir hún frá. „Fjölskylda er bara það fólk í lífi manns sem stendur manni nærri, óháð skyldleika," bætir hún við.

## Mikill meðbyr í bænum

Eftir flutninginn í Víkina tók Ylfa sér níu ára hlé frá leikhússtarfi. Leikfélag Bolungarvíkur lá enda í dvala sem það var ekki vakið af fyrr en síðastliðið haust. Áhugi Ylfu á leikhúsinu hafði þó lítið dalað á þessum tíma og var hún skipuð formaður leikfélagsins þegar það vaknaði upp af værum svefni og nuddaði stírurnar úr augunum. Fyrsta verkið sem ráðist var í að setja upp var gamanleikurinn Að eilífu eftir Árna Ibsen. Verkið var sýnt við góðar undirtökur í mars, í leikstjórn leikkonunnar Lilju Nóttar Þórarinsdóttur.

Ylfa segir stjórn leikfélagsins hafa fundið fyrir ótrúlegum meðbyr í bæjarfélaginu. „Bara í leikhópnum sjálfum voru um tuttugu, sem fæstir höfðu staðið á sviði áður. Það ber nú vitni um mikinn áhuga á starfinu. Fyrir utan það nutum við svo aðstoðar fjölmargra annarra. Til dæmis tókst að safna 100 skrifborðsstólum fyrir uppsetninguna. Í ekki stærra bæjarfélagi en Bolungarvík er það held ég ansi merkilegt!" segir hún og brosir.

Fjölmargir til viðbótar lögðu hönd á plóginn. „Við fengum góða aðstoð frá svo mörgum, bæði fyrirtækjum og einstaklingum. Við vorum til dæmis svo heppin að njóta aðstoðar tveggja smiða, feðganna Guðmundar Óla og Jóns Steinars, sem gerðu allt sem við báðum um og meira til. Þeir mættu jafnvel á vinnutíma til að smíða fyrir okkur rampa og leikmynd og ýmislegt. Leikmyndin var náttúrulega stór og mikil í sníðum og náði langt út fyrir sjálft sviðið," útskýrir hún. „Þeir gera sér líklega ekki grein fyrir því ennþá að þeir eru núna æviráðnir smiðir leikfélagsins. Bæjarstjórinn, Elli, var starfinu líka sérlega hliðhollur, og sýndi því mikinn áhuga að koma húsinu í stand fyrir leikhús, þó það hafi nú reyndar ekki tekist að ná honum upp á svið eins og stefnt var að," bætir hún brosandi við.

Eftir rífstart síðasta veturs eru allir í góðum gír fyrir komandi leikvetur. „Ég er núna alveg við það að landa leikstjóra fyrir næsta vetur. Verkið verður svo valið í samráði við hann, það er yfirleitt gert þannig núna. Leikstjórar hafa gjarnan einhverjar hugmyndir um hvað þeir vilja gera og setja upp og vilja vera með í ráðum. Það skiptir líka máli fyrir þá að vita hversu margir munu taka þátt í uppfærslunni og hverjir geta hvað," útskýrir hún.

## Alltaf í minnihluta

Ofangreindan bæjarstjóra þekkir Ylfa vel, en hún hefur setið í bæjarstjórn fyrir K-listann síðastliðin ár. „Ég er í minnihluta þar, eins og mér virðist vera áskapað. Það eru mín örlög í lífinu," segir hún og hlær.

Á unglingsárum gat hún reyndar sagst tilheyra meirihlutahópi. „Ég ólst upp sem Sjálfstæðismaður. Bæði pabbi og mamma voru Sjálfstæðismenn og ég held að það sé nú bara eðlilegt að pólitískar skoðanir hafi áhrif á börnin á heimilinu. Ég áttaði mig svo á því þegar ég var ung kona, í Sambandi ungra Sjálfstæðismanna og alltsaman, að ég var bara ekki sammála þeirra skoðunum. Mínar hugsjónir voru og eru allt aðrar," segir Ylfa.

„Mér finnst til dæmis sjálfsagt að þeir sem þéni þokkalega greiði ríflega skatta og að sama góða þjónustan sé öllum tryggð. En ef við höfum þann háttinn á verður þjónustan líka að vera góð. Ég skil til dæmis ekki hvernig er hægt að réttlæta það að á sama vinnustað muni hundruðum þúsunda á mánaðarlaunum einstaklinga sem kannski eru allir starfi sínu jafn vel vaxnir. Af hverju er bankastjórinn með milljónir en skúringarkonan með fáeina þúsundkalla? Ef hún sinnir sínu starfi illa er hún rekin. Og við vitum nú öll hvernig er með bankastjóra sem slugsa sína ábyrgð! Það eru ekki þeir sem þurfa að gjalda fyrir sín „mistök." Sama með heilbrigðisgeirann. Hvaða vit er í því að þræla sér út í vaktavinnu við að annast sjúkt, aldrað eða fatlað fólk þegar sá klíníski sem skrifar upp á pillurnar hefur kannski milljón krónum hærri laun á mánuði? Getur einhver fullyrt það og fengið mig til að trúa því að annað starfið sé hinu mikilvægara? Nei, hreint ekki. Ég ber alveg virðingu fyrir þekkingu og menntun, það er ekki það. Þeir sem vinna gott dags- eða næturverk eiga bara alveg jafnvel skilið að fá almennilega greitt. En okkar samfélag hefur ekki alveg nógu góðan metnað hvað þetta varðar. Áherslurnar virðast yfirleitt vera heldur brogaðar og það samræmist ekki mínum hugsjónum," segir Ylfa, sem veit fullvel að ekki eru allir sammála henni.

## Eins og Georg Bjarnfreðarson

„Ég er oft sér á báti. Ég er svona eins og Georg Bjarnfreðarson; í mínum eyrum hljómar sænskt samyrkjubú ekki eins og martraðarkenndur brandari heldur alveg ferlega fín hugmynd," segir hún og hlær við. Þar fyrir utan er hún ekki mikill aðdáandi hins pólitíska flokkakerfis eins og það er í dag. „Ég er ekki hrifin af flokkspólitík og gjörsamlega þoli ekki orðið flokkshollusta. Ég fæ hroll. Flokkur er samansettur af alls konar fólki og hann getur aldrei verið sterkari, eða betri en lélegasti einstaklingurinn innan hans," segir Ylfa. „Þegar maður er búinn að festa sig í einhverja regnhlíf, eins og pólitísk samtök, hættir manni til að verða gagnrýnislaus og sýna ákveðna „húsbóndahollustu," og það er stórhættulegt. Við þurfum nú ekki að leita langt til að sjá hvar í mannkynssögunni hlutir hafa farið stórlega úrskeiðis þegar heilar fólksblokkir hafa myndast á bak við jafnvel kolbrjálaða einstaklinga. Þeir útaf fyrir sig eru ekki endilega svo hættulegir því að þeir geta ekkert án veldisins sér á bak," segir hún.

Sjónarmið hennar hvað varðar laun og risnu bæjarfulltrúa og öðrum opinberum starfsmönnum til handa samræmast heldur ekki alltaf hugmyndum annarra. „Mér finnst alveg eðlilegt að bæjarpólitíkin sé ekki vel launað starf. Þetta er nú einu sinni starf sem þú leggur mikið á þig til að fá. Stundum svíður að sjá að þegar öll gjöld bæjarfélaga hækka, er aðgæslan kannski öllu minni þegar kemur að hlutum eins og ferðamáta, gistingu, mat og drykk þegar við erum að sinna embættiserindum. Þegar fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga er haldin fyrir sunnan gista allir bæjarfulltrúarnir á hótel Hilton á kostnað bæjarfélaganna. Mér finnst þetta algjör firra. Þetta eru kannski ekki stórar upphæðir en bæjarfélögin eiga flest í basli eða eru alveg á hvínandi kúpunni. Þetta er bara prinsippmál. Ég á nóg af vinum og vandamönnum í borginni sem ég get fengið að gista hjá. Ég kann líka á strætó og get meira að segja gengið ef það er ekki þeim mun lengra. Og ef ég þyrfti nú nauðsynlega að gista á hóteli er ég nokkuð viss um að það væri hægt að finna eitthvað ódýrara en Hilton," segir hún og hristir höfuðið. „Þetta er bara eins og að segja börnunum sínum að þau geti ekki lengur verið í tómstundum, það sé svo dýrt, og kaupa sér svo pels!"

„Flokksbræður mínir gera góðlátlegt grín að mér fyrir æsinginn þegar ég byrja að rausa um þetta, finnst ég kannski ekki alveg vera að velja mér réttan slag, en þá hóta ég þeim að næst mæti ég með nesti að heiman á ráðstefnuna. Sviðakjamma og súrt rengi! Það er náttúrulega eitthvað að því hvernig við högum okkur varðandi forgangsröðun hérna á þessu annars yndislega landi. Af hverju ráðherrarnir þurfa endilega bílstjóra, er mér til að mynda fullkomlega hulin ráðgáta. Kann þetta fólk ekki að keyra? Er ekki sífellt verið að hvetja okkur til að ganga eða taka strætó?" bætir hún við.

## Enginn fréttahaukur

Ylfa hefur unnið ýmis störf um ævina. Mörg hafa þau verið tengd eldhúsum og matseld en hún hefur einnig reynt fyrir sér í fjölmiðlum. „Ég vann fyrir svæðisútvarp Rúv, þegar það var hér enn. Þar byrjaði ég í auglýsingasölu en var síðan komin í afleysingar í fréttamennskunni," útskýrir Ylfa.

Áður en fólk hefur störf sem fréttamenn á Rúv þarf það að þreyta víðfrægt próf. „Þar bjargaði það mér að foreldrar mínir voru bæði kennarar og lögðu alltaf mikla áherslu á að talað væri gott mál. Ég er þess vegna ágætlega máli farin og vel ritfær. Og svo ólst ég upp á Norðurlandi, svo ég hef aldrei átt í vandræðum með að vita hvenær ætti að skrifa t og hvenær d!" segir hún og hlær. „Málfræði- og stafsetningarhluti prófsins vegur sem sagt þyngst, sem var mín lukka. Ég fylgist nákvæmlega ekkert með dægurmálafréttum. Það er algerlega tilgangslaust fyrir mig að reyna að lesa slúðurblöð, ég veit aldrei hvaða fólk er verið að skrifa um," bætir hún við.

Ylfu líkaði vistin á Rúv með ágætum. „Ég er samt nákvæmlega enginn fréttahaukur. Ég hef ekkert nef fyrir fréttum og fannst mannlegi hluti starfsins alltaf langskemmtilegastur. Það er gaman að tala við áhugavert fólk og fá að gera innslög fyrir Samfélagið í nærmynd og slíka þætti," segir Ylfa. „Ég hafði ógeð á þeim hluta starfsins sem fólst í því að ganga á fólk og reyna að fá það til að tjá sig um viðkvæm mál. Á þessum tíma var töluvert um fjöldauppsagnir og okkur var gert að fara að spyrja fólk sem var nýbúið að missa vinnuna hvað tæki nú við hjá því. Ég þoldi það ekki, gat það ekki. Ég skil heldur ekki þetta tilfinningaklám í fjölmiðlum eða af hverju það þarf alltaf að reyna að fá fólk til að gráta fyrir framan tökuvélarnar. Af hverju viljum við sem manneskjur lesa og horfa á svoleiðis?" spyr Ylfa. „Annars græddi ég sennilega mest á veru minni á RÚV á því að kynnast stórmenninu Finnboga Hermannssyni. Þar fer maður stórbrotinn, bæði að innri og ytri gerð. Ég held hreinlega að íslensk fjölmiðlun hafi sjaldan tapað eins miklu og þegar hann hætti í fréttum," bætir hún við.

## Þegar nóttin kemur

Auk leiklistarinnar hefur tónlistin verið stór hluti af lífi Ylfu frá barnæsku. Nú í haust mun afsprengi tónlistarhæfileika hennar líta dagsins ljós. Þá kemur út fyrsta plata hennar, sem hefur vinnuheitið Þegar nóttin kemur.

Tilurð plötunnar er nokkuð merkileg. „Vinkona mín, Unnur Guttormsdóttir, stendur fyrir útgáfunni og sér um þetta allt saman. Hún er nokkurs konar velgjörðarkona mín. Unnur er einn af stofnendum Hugleiks og við þekkjumst mjög vel þaðan. Hún hefur heyrt mig syngja í fjölmörgum uppfærslum og segir alltaf að ég sé uppáhaldssöngkonan hennar. Þegar Unnur varð sextug söng ég einmitt í afmælinu hennar í Iðnó. Og nú er hún að gefa sjálfri sér það í sjötugsafmælisgjöf að gefa út plötu. Útgáfutónleikarnir verða svo haldnir á gömlum slóðum í Iðnó í haust og reyndar á Dalvík líka, og hér," segir Ylfa frá.

Ylfa segir ferlið við gerð plötunnar hafa komið sér á óvart um margt, en hún hefur nú verið um tvö ár í vinnslu. „Af því að ég hef sungið svo mikið á sviði í gegnum tíðina sá ég einhvern veginn fyrir mér að ég myndi bara mæta í hljóðver og rúlla þessu upp á nokkrum tímum. Svo kom fljótlega í ljós að það var ekki alveg þannig. Á sviðinu getur maður komist upp með að skauta jafnvel aðeins á tónunum og svona, ef maður sjarmar áhorfendur með presens og sviðsframkomu á móti. Míkrófónninn fellur ekkert fyrir þannig töktum! Hann nemur þetta alltsaman og sýnir ekki nokkra einustu miskunn!

Við vildum hafa þetta eins mikið „natural“ og hægt væri, án alls flúrs og skrauts og því var þetta miklu erfiðara en ég hélt. Ég þurfti að fara nokkrar ferðir suður til að syngja,“ segir hún og hlær við.

Með henni á plötunni spila meðal annars Eggert Hilmarsson, Björn Thorarensen, Baldur Ragnarsson, Villi Valli, Rúnar Vilbergsson og Kristjana Stefánsdóttir syngur bakraddir. Lagavalið var alfarið í höndum Ylfu og er úr ýmsum áttum. Til dæmis eru þrjú rússnesk lög á plötunni sem þó gætu verið alíslensk. „Þetta eru bara lög sem mig langaði svo mikið að syngja. Ég fékk líka vini og vandamenn til að gera fyrir mig lög og texta þar sem við átti en öll lögin eru með íslenskum texta. Annað er bara rugl! Það er eiginlega ekki hægt að staðsetja þessa plötu mússíklega. Þetta er bara hrærigrautur af því sem mér finnst flott!“

Stefnt er að því að platan komi út í byrjun október. Ylfa hyggst fylgja henni úr hlaði með pompi og pragt og verður því búsett í Reykjavík í nokkra mánuði í haust. „Ég er almennt afskaplega léleg í að auglýsa mig og er því ekkert farin að gera í þessu enn. Ég hef ekki einu sinni reynt að koma lagi í spilun. Mér finnst ég hins vegar skulda velgjörðarkonu minni að vera dugleg í haust og ákvað þess vegna að fara suður,“ segir Ylfa. Aðspurð um hvernig brottförin leggist í hana fórnar hún höndum. „Mér fannst þetta algjörlega frábær hugmynd í vor, að vera ein fyrir sunnan í þennan tíma. En eftir því sem nær dregur virðist hún heimskulegri og heimskulegri. Aðskilnaðarkvíðinn er að hellast yfir mig þessa dagana, enda er naflastrengurinn á milli mín og strákanna minna mjög þykkur!“ segir hún og hlær við.

## Matur lagar lofthræðsluna

Áður en blaðamaður sleppir Ylfu aftur út í sumarkvöldið verður að gefa gaum að einu helsta hugðarefni hennar fyrir utan tónlist og leiklist: matreiðslu.

„Já, mitt böl í lífinu er að elda alveg ofboðslega góðan mat,“ segir hún með þunga. „Þess vegna á ég alltaf í einhverju bévítans basli með þyngdina,“ bætir hún svo við og brosir.

Áhuganum á matseldinni þakkar hún fóstru sinni og móðursystur, sem hún segir hafa verið sínar helstu fyrirmyndir í æsku. „Þær voru báðar rosalega duglegar að sulta og sjóða niður og safta og allt þetta. Ég man eftir því að líta yfir búrið þar sem hver hilla var drekkhlaðin dósum og krukkum og flöskum... Það var góð tilfinning,“ segir Ylfa.

Sjálf hefur hún unun af lestri matreiðslubóka og er sífellt að prófa sig áfram í eldhúsinu. „Ég get legið með matreiðslubækur uppi í sófa og skoðað þær tímunum saman. Ég er líka eina manneskjan sem ég þekki sem kaupi bækur um næringarfræði og les af áfergju,“ segir hún og hlær við. Uppi eru ýmsar kenningar um hvers kyns mataræði er best fyrir mannskepnuna og Ylfa hefur gaman af því að kynna sér þær. „Ég hef prófað mataræði sem miðast við blóðflokka og F1 mataræðið og er núna á svokölluðu GSA-mataræði, eða í framhaldi. Þá borða ég ekki sykur, hveiti eða ger. Þrátt fyrir að vera í megrun legg ég mig alla fram við að gera ægilega góðan veislumat, helst í hvert skipti sem ég fæ mér að borða. Ég einfaldlega gæti allt eins dáið ef ég ætti að fara að lifa á túnfiski, skyri og spínati. En með smá hugmyndaflugi er alltaf hægt að dekra við bragðlaukana og augað. Mér finnst svo gaman að takast á við svona, horfa á hráefnið sem ég má nota og búa svo til eitthvað æðislegt úr því,“ segir hún.

Matur, eða vonin um að fá að innbyrða góðan mat, er Ylfu svo ágætis drifkraftur hvað varðar hreyfingu og jafnvel lækning gegn lofthræðslu. „Mér finnst ekkert agalega gaman að hreyfa mig, en þarna er komin ástæða sem fær mig til að hendast fram og til baka um fjallshlíðarnar. Ef það er til þess að finna eitthvað sem ég get mögulega étið eða notað í matseld er ég mjög frá á fæti. Svo er ég líka alveg hrikalega lofthrædd. Ég gerði til dæmis tilraun til að ganga upp í Ufsir í Traðarhyrnu með Sossu vinkonu í fyrra. Þegar við áttum nokkra metra eftir ófarna að markinu, fraus ég alveg í hlíðinni, fór að grenja og kastaði upp seríósinu. Sossa skokkaði á toppinn og til baka og talaði mig svo einhvern veginn niður aftur. En ef ég er að fara að tína grös eða í berjamó er ég algjör fjallageit. Svona er þetta,“ segir hún og brosir.

Hefur hún þá aldrei íhugað að gefa út sína eigin matreiðslubók? „Það er nú reyndar ein slík í smíðum. Ég og Sara Vilbergsdóttir frænka mín duttum niður á þá hugmynd fyrir nokkrum árum. Þetta er svolítið sérstök hugmynd, svo ég get eiginlega ekki sagt frá henni. En ég hef samið nokkrar uppskriftir og Sara kemur inn í þetta með myndlistinni. Bókin er núna búin að vera nokkur ár í smíðum, enda erum við báðar afskaplega athyglisbrostnar, og ég held að við séum komnar á blaðsíðu þrjú. Þetta er annað svona eilífðarverkefni,“ segir hún kímin.

Úthald segir hún enda vera eitthvað sem hún hafi aðeins í skornum skammti. „Svona er athyglisbresturinn. Ég er rosalega spontan og fæ fullt af góðum hugmyndum en skortir svo algjörlega úthaldið sem þarf til að hrinda þeim í framkvæmd. Ég fór til dæmis á frumkvöðlaráðstefnu fyrir fólk í matarbransanum fyrir nokkrum árum þar sem ég sagði fólki undan og ofan af nokkrum hugmyndum sem ég hafði fengið. Svo hef ég verið að sjá þessar hugmyndir birtast á markaðnum á síðustu árum! En það er allt í lagi, ég veit að ég hefði aldrei haft úthaldið í að koma þessu í framleiðslu sjálf,“ segir hún og hlær.

*– Sunna Dís Másdóttir.*

# Skógarkerfill og lúpína enn vandamál

Á síðasta ári hófst átak í Ísafjarðarbæ til að hefta útbreiðslu á lúpínu og skógarkerfli. Samkvæmt úttekt sem sveitarfélagið lét gera árið 2010 eru framangreindar plöntur útbreiddar á um 250 hektrara svæði í Ísafjarðarbæ. „Það vantar bæði fjármagn og mannskap til að vinna að þessu verkefni að fullu," segir Ralf Trylla, umhverfisfulltrúi Ísafjarðarbæjar. „Ég hef reynt að lokka sláttuhóp vinnuskólans til að taka svæði hér og þar öðru hverju, en það er bara svo mikið að gera hjá þeim. Þau varla ná að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað að vinna."

Ralf biðlar til fólks um að hjálpast að við það að halda ofvexti þessara planta í skefjum. „Ef fólk fer aðeins út fyrir sín lóðarmörk og slær kannski einn tvo metra fyrir utan, hjálpar það mjög mikið, því jafnvel þótt ég hefði fullt fjármagn, væri erfitt að halda þessu í skefjum þar sem þetta eru svo langlífar plöntur. Fræ lúpínunnar getur lifað í mörg ár í opnum jarðvegi." Til að byrja með var lúpínan notuð til að bæta jarðveg en hún bindur nitur úr lofti og býr þar til köfnunarríkan jarðveg en þar sem hún breiðist svo hratt út var ákveðið að sporna við útbreiðslunni.

Ralf segir að í raun sé ofútbreiðsla skógarkerfils og lúpínu landlægt vandamál. „Nú er í bígerð að leggjast gegn þessu á landsvísu, þá kemur kannski eitthvað fjármagn til bæjarins. Þá get ég farið að vinna gegn þessu af fullum krafti."


Múrbúðin Ísafirði!

Múrbúðin leitar samstarfsaðila sem hefur áhuga á rekstri byggingavöruverslunar á Ísafirði, í eigin rekstri en undir nafni Múrbúðarinnar.

Rekstraraðili þarf að uppfylla eftirfarandi;

- Fjárhagslegt bolmagn
- Þekkingu og reynslu af byggingarvörum

Áhugasamir sendið fyrirspurnir á netfangið baldur@verkefni.is

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Frá endurnafngift Gunnar Sigurðssonar ÍS í fyrra.

# Siglingar hefjast með Gunnar Sigurðssyni

Fastar áætlunarsiglingar með bátnum Gunnari Sigurðssyni ÍS, hófust á föstudag á vegum ferðaþjónustufyrirtækisins Borea Adventures sem tók við rekstri bátsins í sumar í samvinnu við Byggðasafn Vestfjarða. „Þetta verður svona gamla skóla sjómennska, þar sem að fólk fer út og veiðir á handfæri," segir Ásgerður Þorleifsdóttir hjá Borea Adventure. Einnig verður boðið upp á sjóstöng fyrir þá sem kunna betur við þá tækni. Fyrst um sinn verður siglt á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum, þar sem farið er út á morgnana til að veiða í soðið og síðan verða friðsælar kvöldsiglingar um pollinn fyrir þá sem aðeins vilja upplifa rugg gamalla vélbáta.

„Við erum búin að vera að redda tiltækum leyfum og réttindum og skipstjórum undanfarið og það er loksins allt komið í hús svo nú byrjar þetta loksins á fullu," segir Ásgerður. Gunnar Sigurðsson var smíðaður í skipasmíðastöðinni Bátalóni í Hafnarfirði árið 1974 og er úr furu og eik. Lengd bátsins er 11,57 metrar og er hann skráður um 13 brl. Hann er jafnframt fyrsti báturinn af þessari gerð sem smíðaður er með álhúsi en ekki tréhúsi. Margir bátar af þessari gerð voru smíðaðir ýmist frambyggðir eða afturbyggðir. Báturinn var lengst um í eigu Jóns Rafns Oddssonar.

# Á kortinu

## Stakkur skrifar >

***Stakkur*** hefur ritað vikulega pistla í ***Bæjarins besta*** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðar-menn blaðsins ábyrgð á skrifum ***Stakks*** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Því verður vart neitað með rökum að hægt miðar, ef nokkuð hefur miðað eftir hrunið fyrir nærri fjórum árum. Hrun sem þurfti ekki að verða hefði einhver skynsemi verið til í heimi stjórn- og fjármála á Íslandi. Bilaðir bankamenn áttu stærstan hlut að máli, en einnig þeir sem stjórnmálum stýrðu og þar á meðal núverandi forsætisráðherra. Ætla hefði mátt að með þann farangur á bakinu hefði henni verið áhugmál að styðja við uppbyggingu og endurreisn Íslands. Sama hefði átt að sjást af hendi hins núverandi ríkisstjórnarflokks, sem barðist gegn aðild Íslands að Evrópusambandinu í síðustu alþingiskosningum, en er nú orðinn kaþólskari en páfinn, ef svo má að orði komast, í stuðningi sínum við inngöngu Íslands og aðlögun að hinu nýja „Sovéti" Evrópu. Ekki verður hætt fyrr en ný „sovétríkisstjórn" situr í Brussel og ákveður fjárlög allra fyrrum sjálfstæðra ríkja Evrópu, kannski með einu pennastriki. Sagan endurtekur sig í sífellu.

Í ákafa sínum að geta tekið þátt í þessum nýja dansi umhverfis gullkálfinn hafa ráðandi öfl gleymt landsbyggðinni. Þar gerist ekkert nema að með hgræddum tölum verða grafin ný göng, að þessu sinni undir Vaðlaheiði. Reynt er að slá ryki í augu kjósenda en kannski fyrst og fremst í augu alþingismanna sjálfra. Þeir telja sér trú um að með veggjöldum standi umferð um göngin undir framkvæmdum og rekstri. Þegar það hentar er ekki tekið mark á skýrslum sem glöggt sýna að um algeran vonarpening er að ræða. Á sama tíma er enginn, gjörsamlega enginn, vilji til þess að móta byggðastefnu svo halda megi byggð um allt Ísland. Ekki bólar á Dýrafjarðargöngum næstu árin. Það fjarar undan byggð á Vestjörðum, Norðurlandi vestra og á jöðrum hins eystra, Austurlandi og víðar. Ekki bólar á því að til sé heilsteypt stefna til að styrkja stoðir byggðanna líkt og Norðmenn gera í Noregi.

Vestfirðir eru ekki á kortinu. Prófessorstaða kennd við Jón Sigurðsson fæst ekki sett niður á Vestfjörðum, kannski vegna þess að forsætisráðherra eða hennar menn vita ekki hvort hann var frá Dýrafirði eða Arnarfirði, þótt flestum viti bornum sé kunnugt að Hrafnseyri sé í hinum síðarnefnda og þar hafi Jón Sigurðsson fæðst 1811. Kannski skiptir 17. júní heldur ekki máli þegar völdin eru í Brussel. Ekki er litið við hagkvæmum virkjunarkostum á Íslandi, ekki einu sinni í Hvalsá í Ófeigsfirði sem þótt myndi styrkja stöðu Vestfjarða. Ekki má styggja hinn flokkinn í ríkisstjórninni sem seldi sannfæringu sína fyrir ráðherrastóla, einkum eins manns sem brátt hefur fleiri ráðuneyti á hendi sinni en nokkur hefur haft hérlendis. Evrópusambandið og löngunin í það hefur gert ríkisstjórnina afhuga framförum á Vestfjörðum og víðar og því komast Vestfirðir ekki á kortið fremur en endurreisn almennt. Við þurfum að komast á kortið og vera þar, en þar stendur hnífurinn í kúnni.

# Stemmning á Flæðareyri

**Líf og fjör var á átthagamót Grunnvíkingafélagsins á Ísafirði sem haldið var á Flæðareyri í Jökulfjörðum um helgina. Þetta er í ellefta skipti sem hátíðin er haldin en hún hefur verið haldin á fjögurra ára fresti frá árinu 1968. Góð mæting var um helgina enda þétt dagskrá í boði sem hófst á föstudags-kvöld með skrúðgöngu og varðeldi og endaði með kvöldvöku á sunnudeginum. Lengi hefur það verið þekkt staðreynd að Grunnvíkingar hafa sérstaklega gaman af söng og dansi og endaði hver dagur með miklu stuði í söng og dans. Halldór Sveinbjörnsson lét sig ekki vanta og tók nokkrar myndir af herlegheitunum.**

**– gunnar@bb.is**

**Faðir systkinanna sem spjallað er við hér á síðunni var um borð í breska tundurduflaslæðaranum Niger þegar slysið varð.**

## Sjötíu ár liðin frá mesta sjóslysi við Íslandsstrendur

**Sjötíu ár voru á fimmtudag í síðustu viku liðin frá mesta sjóslysi sem orðið hefur við strendur landsins en þá fórst skipalestin QP-13 við Vestfirði. Þennan dag árið 1942 sigldi skipalestin inn í tundurduflabelti skammt frá Straumnesi þegar hún var að koma frá Norðvestur-Rússlandi á leið til Hvalfjarðar. Um 250 manns, karlar, konur og börn, fórust á einni kvöldstund. Álíka mörgum var bjargað úr sjónum í björgunarafreki sem að öðrum ólöstuðum hlýtur að teljast eitt það frægnasta í Íslandssögunni. Magnús Þór Hafsteinsson fjallar um slysið í bók sinni Dauðinn í Dumbshafi. „Þrátt fyrir mjög erfiðar aðstæður tókst að bjarga um 250 manns af þeim ríflega 500 sem voru um borð í skipunum sem sukku. Togararnir Lady Madeleine og St. Elstan björguðu rúmlega 60 mönnum. Áhöfn frönsku korvettunnar Roselys, undir stjórn Vaisseu A. Bergeret skipherra, tókst að bjarga 179 mönnum. Þetta litla herskip dvaldi í rúmar sex klukkustundir við leit og björgunarstörf í þungum sjó innan um tundurduflin. Er þetta tvímælalaust eitt mesta björgunarafrek sem hefur verið unnið við strendur Íslands. Alls fórust 250 manns en tölur eru nokkuð á reiki í heimildum. Flestir létust þegar Niger sprakk í loft upp en einnig fórust rúmlega 40 manns með Rodina. Af áhöfn bandarískra skipsins Massmar fórust 26. Af skipbrotsmönnum Alamar, sem voru á leið heim með Massmar, létu 23 lífið þetta mikla örlagakvöld við Vestfirði.“**

**Steve og Patricia Hartley og Peter og Moe Johnston á bryggjunni í Bolungarvík. Ljósm: Soffía Vagnsdóttir.**

# Bresk systkini minntust föður síns

Á fimmtudag í síðustu viku voru sjötíu ár liðin frá einu mesta sjóslysi sem orðið hefur við Íslandsstrendur. Af því tilefni fóru bresku systkinin Peter Johnston og Patricia Hartley með Auroru, skútu ferðaþjónustunnar Borea Adventures að slysstaðnum út af Straumnesi. „Faðir okkar var um borð í skipinu Niger sem sökk í slysinu fyrir sjötíu árum. Við kynntumst honum aldrei því við vorum svo ung þegar slysið átti sér stað. Við höfum litlar sem engar minningar um hann og því fannst okkur viðeigandi að fara að slysstaðinn og votta honum virðingu okkar í hinsta sinn,“ segir Peter.

Þegar skútan var komin að slysstaðinn héldu systkinin smá athöfn til minningar um föður sinn og hina 250 sem létust í slysinu. „Þegar við vorum staðsett beint fyrir ofan skipsbrakið fórum við með litla bæn og fleyttum á hafinu tveimur krönsum, einum sérstaklega fyrir föður okkar og öðrum til virðingar við hin fórnarlömb slyssins.“

Aðspurður hvort skipulagning ferðar sem þessarar væri ekki löng sagði Peter. „Við byrjuðum að skipuleggja ferðina fyrir nokkrum árum, og ákváðum fljótlega að næstu viðeigandi tímamót til að fara í ferð okkar væri þegar 70 ár væru liðin frá slysinu. Þar sem við bæði erum komin á þann aldur að næstu tímamót þar á eftir myndi ferðalagið eflaust vera okkur erfitt.“ Peter hafði því samband við breska sendiráðið á Íslandi á síðasta ári og var honum bent á að hafa samband við Sigurð Hjartarson í Bolungarvík. „Síðan seldi hann Borea Adventures bátinn og þannig færðist ferðin yfir á skútuna Auroru, með skipstjóranum Sigurði Jónssyni.“

**Systkinin Peter og Patricia um borð í skútunni Auroru.**

Þegar slysið átti sér stað vissu fáir hvað hefði gerst og aðstandendur hinna látnu fengu litlar sem engar upplýsingar frá yfirvöldum. „Ég minnist þess að afi minn reyndi mikið að komast að því hver örlög föður míns hefðu verið en lítið var um svör. Það er oft þannig í stríði að erfitt er að fá upplýsingar atburði og það litla sem maður veit segir manni ekkert“.

Lítið var vitað um tildrög slyssins og lítið sem ekkert um það rætt, hvorki hér á landi né í Bretlandi. Slysið átti sér þannig stað að skipalestin sigldi inn í leynilega tundurdufla girðingu ætlaða Þjóðverjum. En á þessum tíma voru allar hernaðarupplýsingar mikið trúnaðarmál, svo skipstjórinn John Hiss hafði ekki heyrt um tundurduflin og leiddi því lestina beint í dauðagildruna.

„Þetta var yndislegur en tilfinningaríkur dagur hjá okkur systkinum. Við höfum í raun bara haft vitneskju um andlát föður okkar í um 7-8 ár þegar bókin *Conway!: Drama in Artic Waters* eftir Paul Kemp kom út. Síðan þá höfum við í raun verið að loka þessum kafla í lífi okkar, sem endaði svo vel.“

Peter og Patricia voru mjög ánægð með ferðalagið til Íslands og ætluðu að heimsækja eyjuna Vigur áður en þau héldu heim.

Frá Bolungarvíkurhöfn.

# Yfir 1000 tonn ellefu mánuði í röð

Ekkert lát er á góðum aflabrögðum hjá bolvískum bátum því tæplega 1.300 tonn komu að landi í Bolungarvík í síðasta mánuði. Á vikari.is kemur fram að aflinn frá áramótum sé kominn yfir 7000 tonn og var júní ellefti mánuðurinn í röð þar sem landaður afli fór yfir 1000 tonna markið. Línubáturinn Fríða Dagmar ÍS var með mestan afla í júní eða 160 tonn í 27 róðrum en Einar Hálfdáns ÍS kom næstur með 145 tonn í 27 róðrum. Þá var Sirrý ÍS með 137 tonn í 27 róðrum, Guðmundur Einarsson ÍS með 135 tonn í 26 róðrum og Hrólfur Einarsson ÍS með 134 tonn í 27 róðrum.

Af öðrum bátum má nefna að Þorlákur ÍS landaði 105 tonnum, Gunnar Leós ÍS var með 50 tonn, Stormur SH var með 40 tonn, Siggi Bjartar ÍS var með 29 tonn og Vestri BA var með 25 tonn. Aðrir bátar náðu ekki 20 tonnum í júní. Þá var afli strandveiðibáta 117 tonn á þeim sjö dögum sem veiðar voru heimilar og afli sjóstangveiðibáta á vegum Sumarbyggðar og Víkurbáta var nálægt 30 tonnum í júní.

Landaður afli í Bolungarvík á fiskveiðiárinu, þ.e. frá 1. september sl., til dagsins í dag, er kominn vel yfir 13 þúsund tonn af óslægðum afla en það er 26% meiri afli en á sama tíma í fyrra. Frá þessu er greint á vikari.is.

*– thelma@bb.is*

# Bjarnanesið eins og strætó

„Það má segja að þetta sé algjörlega nýtt fyrirtæki í sumar," segir Ásgerður Þorleifsdóttir hjá ferðaþjónustufyrirtækinu Borea Adventures á Ísafirði. „Bæði út af kaffihúsinu Bræðraborg og svo Bjarnarnesinu en það er búið að vera eins og strætó fram og til baka frá sjö á morgnana til níu á kvöldin". Bjarnarnesið er einn af fjölmörgum farþegabátum sem flytur fólk frá siðmenningunni yfir á friðlandið. „Svo erum við búin að vera með fastar kayakferðir á hverjum morgni og stundum höfum við þurft að bregða á það ráð að vera með eina að morgni og aðra eftir hádegi vegna mikillar eftirspurnar". Borea sérhæfir sig í útivistartengdri ferðamennsku líkt og skútuferðum, sjókayakferðum og fjallahjólreiðum svo eitthvað sé nefnt.

Aðspurð um það hver sé helsti markhópur fyrirtækisins segir Ásgerður að útlendingar notfærðu sér þjónustu Borea Adventures. „Við erum byrjuð að bjóða upp á ferðir sem henta sérstaklega heimamönnum og íslenskum ferðamönnum, það er dagsferð yfir á Hesteyri með nesti og veitingum inniföldum, þar sem fólk getur notið sín í náttúruparadísinni, farið að morgni og komið til baka að kvöldi. Það hefur sýnt sig að fólk hefur áhuga á þessari ferð".

Vel hefur gengið hjá Borea Adventures í sumar, en búast má við því að álagstími fyrirtækisins sé frá mars og fram í september.

**Einn kaldur að stinga sér til sunds í einni af ferum Borea Adventure. Mynd fengin af heimasíðu fyrirtækisins.**

**Sælkeri vikunnar er Haukur Árni Hermannsson á Ísafirði**

# Tvær góðar kjúklinga uppskriftir

„Ég ætla að bjóða upp á tvær kjúklingauppskriftir. Önnur er Cajun kjúklingur, sem er í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Hin er heilgrillaður kjúklingur á teini."

**Cajun kjúklingur**

700 g kjúklingabringur
1-2 msk. Cajun krydd
1 búnt vorlaukur
6 sólþurrkaðir tómatar
Basil krydd (fersk basilika er betri)
2,5 dl. matreiðslurjómi
Smjör/olía til steikingar
Salt og pipar
500 g spaghetti
Parmesan ostur

Byrja á að brytja kjúllann í bita og krydda með Cajun kryddinu. Hita olíuna/smjörið á pönnu og steikja kjúklinginn. Þegar kjúllinn fer að verða tilbúinn er söxuðum vorlauk, söxuðum sólþurrkuðum tómötum, basilikunni og rjómanum hellt úr á pönnuna. Saltað og piprað.

Þetta er svo borið fram með soðnu spaghetti og parmesan osti fyrir þá sem það vilja.

**Heilgrillaður kjúklingur á teini**

Heill kjúklingur snyrtur
1 búnt af steinselju
1 búnt af basiliku
Olía
Salt og pipar
1 appelsína
1 sítróna
Rósmarínstilkar

Saxa steinselju og basiliku fínt og blanda saman. Setja þessa ferskjurtablöndu inn undir skinnið á kjúllanum, bringuna, lærin og bara þar sem hægt er að koma því. Baða kjúllann svo úr olíunni, salta og pipra.

Skera sítrónu og appelsínu og setja inn í kjúllann ásamt rósmarín. Þetta gefur honum fríska bragð. Þá má alveg setja svolítið af olíu inn í kjúllann líka.

Venjulegur kjúklingur þarf u.þ.b. 1 1/2 klst við 140-150° Best er þó að vera með kjöthitamæli. Tilbúinn þegar hiti í innanverðum lærum er kominn í 68-70°.

*Ég ætla svo að skora á Inga ofurkokk í Bláa Lóninu (Ingi Þórarinn Friðriksson frá Ísafirði). Hann kemur örugglega með eitthvað rosalegt.*

# Osigrandi KitKat tilboð í næstu verslun!

Brjóttu upp daginn með KitKat